

60. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 20. janúar 2021, kl. 13:00 á netfundi.

Mættir: Edward Huijbens formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, Katrín Freysdóttir, Ásgeir Logi Ásgeirsson, Rósa Jónsdóttir, Unnur Erla Hafstað fulltúi kennara, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Dagskrá

1. Stefnumótun - menningarlíf

Skólameistari fór yfir menningarstefnu skólans sem birt er á heimasíðu hans. Flest gengur í samræmi við hana að öðru leyti en því þar sem aðstæður í þjóðfélaginu setja okkur skorður. Formaður nefndi að stefnan undirstrikaði sérstöðu skólans, m.a. hvað varðaði frumkvæði og sköpun. Listsýningar nemenda hafa m.a. verið á netinu.

2. Fjármál

Inga Eiríksdóttir fjármálastjóri mætti undir þessum lið. Hún fór yfir fjárframlög til skólans. Aukafjárframlag fyrir haustönn barst í upphafi árs. Rekstrarniðurstaða ársins 2020 mun því verða á sléttu. Þá liggur fyrir hver áætlun er fyrir 2021 og hefur framlag til skólans hækkað. Fjárhagsáætlun ársins 2021 gerir ráð fyrir að niðurstaða ársins verði lítillega neikvæð.

3. Námsframboð skóla

Námsframboð er svipað og verið hefur. Hins vegar hefur hópum í grunngreinum verið fjölgað. Skólameistari fór yfir nýja áfanga sem eru í boði. Þar má nefna inngangsáfanga í tölvuleikjafræðum, lýðheilsuáfanga um kynheilbrigði og nýjan áfanga í skapandi tónlist. Umræður um hvernig námsframboð þróast.

4. Niðurstaða náms á haustönn

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir helstu niðurstöðum náms á haustönn. Önnin skilaði 208,5 ársnemum og 6,5 af starfsbraut. Meðaleinkunn úr öllum áföngum var 7,3 sem er örlítið hærra en á síðustu vorönn, reyndar sú hæsta frá upphafi. Að meðaltali skiluðu 87% nemenda fullnægjandi árangri í áföngum. Skólinn hefur sett sér það markmið að þetta hlutfall fari ekki niður fyrir 80%. Ef brottfall er skoðað þá eru 8% nemenda sem hættu formlega í áföngum á haustönn.

5. Innritun, upphaf annar, nýir áfangar

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir innritun á vorönn og nemendatölum. Nú í upphafi annar eru 494 nemendur skráðir í skólann og er það 30 nemendum fleira en við upphaf haustannar. Nemendur hafa aldrei verið fleiri. Af þessum hópi eru aðeins 73 staðnemar.

6. Önnur mál

6.1 Vörn gegn vá

Skólameistari gerði grein fyrir vinnu sem verið hefur í gangi undanfarin 3 ár varðandi viðbrögð við vá í framhaldsskólum. Það er nú á lokametrunum.

6.2 Fundir með mennta- og menningarmálaráðherra

Skólameistari sagði frá hversu gott samstarf hefur verið við ráðherra á tímum Covid-19. Hann hefur fundað vikulega með skólameisturum frá því á síðustu vorönn.

6.3 Viðtöl í Kara connect og fleira

Skólameistari sagði frá notkun náms- og starfsráðgjafa og sálfræðings á Kara connect sem hefur reynst mjög vel. Einnig upplýsti hún um kostnað við kerfisþjónustu. Einnig sagt frá tilboði til skólans um starfsþróunarnámskeið fyrir kennara í samstarfi við HÍ og HA.

Næsti fundur er skráður 17. mars.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00.